

Umhverfisstofnun  
B.t. Guðmundar B. Ingvarssonar  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun  
Áb. GB1  
03. maí 2013  
8.14.1  
Tilv. VSTZ0120600001

Reykjavík 30. apríl 2013

Varðar beiðni Umhverfisstofnunar um álit SHS á tillögu um sarfsleyfi fyrir Sorpu b.s. í Álfnesi.

Góðfúslega skal bent á eftirfarandi atriði sem betur mættu fara í fyrirhuguðu starfsleyfi:

**1.8 Lokun urðunarstaðar.**

Þar sem metangas myndast á svæðinu eftir að starsemi þar lýkur er eðlilegt að gerð verði grein fyrir því á hvern hátt brugðist verði við, t.d. með áframhaldandi söfnun gassins og/eða mælingum á gasmyndun.

**2.4 Viðbragðsáætlun.**

Bæta mætti við greinina að jafnframt að gera skuli viðbragðsáætlun gagnvart bráðamengun skuli einnig gera slíkt gagnvart eldi á svæðinu. Miklir eldar hafa þegar kvíknað á svæðinu og rétt að koma vinnubrögðum í skipulagt ferli. Hvernig skuli brugðist við, hvað sé rétt að gera og hvað skal látið ógert.

**2.4 Óeðlilega mikil mengun.**

Mögulegur bruni á svæðinu veldur umtalsverðri loftmengun og eðlilegt að slíks sé getið í þessum kafla.

**2.5 Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa.**


Það er óeðlilegt að ekki sé tilgreint að slökkviliði sé upplýst strax um mengunarslys. Samkvæmt lögun nr. 75/2000 er það „Slökkviliðsstjóri sem ... hefur stjórni á vettvangi við mengunaróhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra“.

Skilgreining laganna á mengunaróhappi er að “Þegar bráðamengun verður og eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á umhverfi, heilsu fólks eða eignum”

**3.5 Hauggas.**

Í drögunum er gefinn ádráttur með að brenna hauggasi. Framleiðsla, geymsla og sala á á brennanlegu gasi fellur einnig undir lög og reglur um brunamál. Ekki er heimilt að vera með opinn eld á höfuðborgarsvæðinu án tilskilinna leyfa. Eðlilegt er að geta þess í drögunum og einnig að í brunahönnun skuli gera grein fyrir sérstökum öryggisráðstöfunum vegna þessa, í samráði við slökkvilið.

Viringarfyllst,  
e.u. slökkviliðsstjóra,



Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri.